



## NaNO Fréttabréf – Júní 2014

### Hvað höfum við gert í maí?

*Náttúruvísindi á 21. öld.* Kynningarfundur var haldinn 5. maí þar sem þátttakendur kynntu verkefni sín og svöruðu spurningum áheyranda. Nemendur skiluðu í maí lokaverkefni þar sem rýnt er í kennslufræði og tengingar við námskrá.

Mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* er komið langt. Tekin hafa verið rýniviðtöl við fjóra þátttakendur, þrjú sérfræðinga frá MVS, þrjú fagsérfræðinga sem komu að námskeiðinu og tvo starfandi kennara í Vesturbæjarskóla. Einnig hafa upptökur frá tímum og gögn þátttakenda verið greind að hluta. Við fengum aðstoðarmann í lið með okkur til að aðstoða við greiningu gagna og viðtala ásamt úrvinnslu þeirra.

Við fengum jákvætt svar við tveimur styrkumsóknum. Annars vegar styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að bjóða upp á námskeið fyrir starfandi kennara um náttúruvísindi 21. aldar. Hins vegar styrk frá Þróunarsjóði námsgagna, sérstaklega fyrir hönnunar- og tæknivinnu við gagnabanka kennsluhugmynda og námsefnis um náttúruvísindi 21. aldarinnar. Gagnabankinn er hugsaður fyrir starfandi kennara.

Nýsköpunarkeppni grunnskóla fór fram dagana 22. og 23. maí. Ester Ýr var einn leiðbeinenda frá MVS. Skemmtilegt tækifæri til að vinna með skapandi ungum einstaklingum.

Fundað var með Brant Miller frá University of Idaho og Joel Donna frá University of Minnesota. Þeir fást við náttúrufræðimenntun og menntun náttúrufræðikennara. Joel Donna setur upp rafrænan gagnabanka með kennsluhugmyndum fyrir kennara. Vegna ýmissa sameiginlegra verkefna var gefandi að ræða um hvaða leiðir eru færar og hvaða vandamálum við stöndum frammi fyrir. Reiknað er með frekari samskiptum við þá á næstu mánuðum.

Við kynntum reynslu okkar af námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* í hádegisspjalli RAUN 27. maí sl. Góðar umræður áttu sér stað.

Þann 13. maí fóru Ester Ýr og Svava í Flúðaskóla að taka viðtöl við nemendur í 8. og 10 bekk. Í viðtölunum var reynt að varpa enn frekara ljósi á náttúrufræðikennslu í skólanum.

Birgir fór í heimsókn í Menntaskólann við Hamrahlíð og fylgdist með eðlisfræðikennslu þar og ræddi við kennara að kennslu lokinni. Heimsóknin var áhugaverð.

Birgir tók þátt í ársfundi Samáls þar sem framtíðarhorfur í áliðnaðinum á Íslandi voru ræddar út frá sjónarhorni okkar.

## Hvað er framundan?

Klára mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Stefnt er að ritun skýrslu um námskeiðið þar sem fram kemur hvernig staðið var að námskeiðinu, hvað tókst vel til og hvað betur hefði mátt fara. Unnt verður að nota þessar upplýsingar við frekari þróun á námskeiðinu.

NFSUN ráðstefna í Helsinki 4.-6. júní þar sem við munum segja frá reynslu okkar af námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* og Náttúrutorgi.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í efni á íslensku. Áhersla verður lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verður hluti af Náttúrutorgi.

Vinna að þróun og skipulagningu námskeiðapakka, byggðum að hluta á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*, sem hægt verður að bjóða grunn- og framhaldsskólum upp á næsta vetur.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

**NaNO**  
Náttúruvísindi á nýrri öld